



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 48. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 12. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 20. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemendum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

- Nefnd um íþróttamann ársins í Hrunamannahreppi: Fundargerð 1. fundar frá 5. júní 2024.**  
Lögð fram fundargerð 1. fundar Nefndar um íþróttamann ársins í Hrunamannahreppi.

Viðurkenningar vegna íþróttamanns ársins í Hrunamannahreppi voru afhentar á þjóðhátiðardaginn, 17. júní 2024. Sveitarstjórn vill óska íþróttafólkinu okkar innilega til hamingju með góðan árangur á árinu og sérstaklega Telmu Þöll Þorbjörnsdóttur, golfara, sem valin var íþróttamaður ársins 2023. Er Telma vel að þessum heiðri komin en hún kepti á Heimsleikum Special Olympics sem fram fóru í Berlin í júní 2023 og náði þar góðum árangri. Nefndinni er einnig þakkað kærlega fyrir þeirra störf.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnессýslu og Flóahrepps:**

- Fundargerð 282. fundar skipulagsnefndar frá 12. júní 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. júní sl.**  
Lögð fram fundargerð 282. fundar skipulagsnefndar frá 12. júní 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. júní sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

#### **Mál nr. 30. Svínárnes: Breyttar byggingarheimildir á skálasvæði; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til skálasvæðis Svínárness L237207. Í breytingunni felst að heildarbyggingarmagn er minnkað innan svæðisins og húsum fækkað. Samkvæmt nágildandi skilmálum er gert ráð fyrir því að heimilt sé að byggja allt að 10 hús að 100 fm hvort. Hámarksbyggingarmagn innan lóðar er skilgreint 950 fm. Eftir breytingu er gert ráð fyrir allt að 5 húsum sem mega vera að hámarki 100 fm og einu húsi sem getur verið allt að 250 fm að stærð. Hámarksbyggingarmagn í Svínárnesi er 800 fm eftir breytingu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykka framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Leitað verði umsagnar Forsætisráðuneytisins vegna málsins. Komi ekki fram athugasemdir af hálfu ráðuneytisins mælist nefndin til þess að málið taki gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda og að gögnin verði

AA  
DLS  
JB  
BR  
AEG  
AH

send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Leitað verði umsagnar Forsætisráðuneytisins vegna málsins. Komi ekki fram athugasemdir af hálfu ráðuneytisins mælist sveitarstjórn til þess að málið taki gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda og að gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

**Mál nr. 31. Ás: Aukið byggingamagn á byggingarreit B; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Hrunalaugar í landi Áss. Í breytingunni felst að heimiluð hámarksstærð skiptiaðstöðu er aukin úr 50 fm í 80 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi auk þess um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn auk þess sem umhverfisáhrif stækkunarinnar er talin óveruleg umfram núverandi heimildir er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna málsins.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi auk þess um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn auk þess sem umhverfisáhrif stækkunarinnar er talin óveruleg umfram núverandi heimildir er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna málsins.*

**Mál nr. 36. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. júní sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. júní sl.

3. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 111. fundar stjórnar frá 5. júní 2024.**  
- Ásamt svarbréfi UTU bs. við erindi Hreinsitækni ehf.

Lögð fram fundargerð 111. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs. ásamt svarbréfi UTU bs. við erindi Hreinsitækni ehf.

*Fundargerðin og svarbréfið lögð fram til kynningar.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

4. **SASS: Fundargerð 610. fundar stjórnar frá 6. júní sl.**  
Lögð fram fundargerð 610. fundar stjórnar SASS.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

5. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 236. fundar frá 11. júní sl.**  
Lögð fram fundargerð 236. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

6. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 73. stjórnarfundar frá 31. maí sl.**  
- Ásamt ársreikningi Bergrisans bs. 2023.  
Lögð fram fundargerð 73. stjórnarfundar Bergrisans bs. ásamt ársreikningi Bergrisans bs. 2023.

HA  
DGS  
BS  
BR  
AR  
GJ

*Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.*

***Erindi til sveitarstjórnar:***

- 7. Bréf frá Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 6. júní 2024.**  
Lagt fram bréf frá Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi vegna skipunar stýrihóps á vegum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Matvælaráðuneytisins til að undirbúa áfomaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits.

*Lagt fram til kynningar.*

- 8. Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands frá 14. júní 2024.**  
Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands vegna úthlutunar úr Styrktarsjóði EBÍ 2024 en sveitarféluginu var úthlutaður styrkur að upphæð kr. 350.000,- vegna verkefnisins „150 ára fæðingarárfmæli Einars Jónssonar, myndhöggvara“.

*Sveitarstjórn bakkar féluginu innilega fyrir veittan styrk. Afmælishátíðin tókst vel, var fjölsótt og skemmtileg og upplýsingaskilti um Einar Jónsson, myndhöggvara, sómir sér vel í miðbæ Flúða.*

- 9. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Suðurlands hf. frá 11. júní 2024.**  
Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélagi Suðurlands þar sem boðað er til aðalfundar miðvikudaginn 26. júní n.k.

*Lagt fram til kynningar en sveitarstjóri er fulltrúi Hrunamannahrepps á fundinum.*

- 10. Bréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi frá 6. júní 2024.**  
Lagt fram bréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna samnings um skólagöngu nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla. Í bréfinu er samningi sem gerður var hinn 9. nóvember 2004 um skólagöngu nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla sagt upp en jafnframt óskar sveitarfélagið eftir því að þeir nemendur sem nú þegar hafa hafið skólagöngu í Flúðaskóla fái að ljúka þeirri skólagöngu með því að klára 9. og 10. bekk. Ekki munu því koma nemendur frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í 8. bekk Flúðaskóla skólaárið 2024-2025.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið og þar með hefur samningi um grunnskólagöngu barna úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi verið sagt upp. Sveitarstjóri hefur átt einn fund með sveitarstjóra og oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps og munu drög að samkomulagi milli sveitarfélaganna um slit á samstarfi um nám nemenda á elsta stigi Flúðaskóla væntanlega verða lagt fyrir næsta fund sveitarstjórnar.*

- 11. Minnisblað starfshóps um dagþjónusturými aldraðra í Uppssveitum.**  
Lagt fram minnisblað starfshóps um dagþjónusturými (dagdvöl) fyrir aldraða í Uppssveitum þar sem lagt er til að sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur sækji um heimild fyrir 6 dagþjónusturýmum, en sá fjöldi myndi geta þjónað fleiri notendum þar sem sami einstaklingur er alla jafna ekki í dagþjónustu allan daginn, alla virka daga. Þá leggur starfshópurinn til að lagt verði upp með það að dagþjónustan verði ekki bundin við einn stað, heldur verði sótt um að hún verði þrjá daga í viku í Brautarholti og two daga í viku í Reykholti til að byrja með en þjónustan yrði svo í boði á Flúðum um leið og húsnæði sem hentar starfseminni býðst.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu sem fram kemur í minnisblaðinu og felur sveitarstjóra að vinna málid áfram.*

KA  
DGS  
JB  
BL  
ARJ  
AP

## **12. Greinargerð til sveitarstjórnar frá starfshópi vegna samreksturs leik- og grunnskóla Hrunamannahrepps.**

Lögð fram greinargerð til sveitarstjórnar frá starfshópi vegna samreksturs leik- og grunnskóla Hrunamannahrepps. Starfshópurinn telur ekki tímabært að huga að samrekstri leik- og grunnskóla í Hrunamannahreppi. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu hópsins þá vill starfshópurinn hvetja skólastigin til að þróa enn frekar það góða samstarf sem er í gangi á milli skólastiganna og hefur verið að eflast enn frekar á skólaárinu sem er að líða.

*Sveitarstjórn þakkar starfshópnum þá vinnu sem fram hefur farið og greinargóða skýrslu. Jafnframt tekur sveitarstjórn undir niðurstöðu starfshópsins og hvetur forsvarsmenn Leikskólans Undralands og Flúðaskóla til að huga nú þegar að enn frekara samstarfi á milli skólastiganna. Einnig leggur sveitarstjórn ríka áherslu á að strax næsta haust verði hugað að húsnaðismálum leikskólans og að við þá vinnu verði haft í huga ríkt samstarf og samvinna á milli skólastiganna.*

## **13. Tillaga að breytingu á stundatöflu yngsta stigs skólaárið 2024-2025.**

Lögð fram tillaga að breytingu á stundatöflu yngsta stigs skólaárið 2024-2025. Hugmyndin er að jafna skólatíma yngsta stigs yfir vikuna. Nemendur á yngsta stigi eru oft breyttir á þessum löngu dögum og kennslustundir nýtast því ekki eins vel og ef þær eru fyrr um daginn. Með breytingunni verða lengstu dagar í kennslu til kl. 13:50 í stað 15:00. Ávinnungur þessara breytinga væri betri nýting á kennslustundum með því að jafna skólatímann yfir vikuna. Rýmri tími skapast til æfinga í íþróttahúsi með breytingunum. Auk þess að þessi breyting getur aukið þann tíma sem nemendur á yngsta stigi með íslensku sem annað tungumál eru í íslensku málaumhverfi.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða en með henni mun gjaldfrjálsum tínum í skólaseli fjölda. Á móti mun ferðum vegna skólaaksturs fækka þannig að væntanlega mun ekki verða um kostnaðarauka vegna þessa að ræða.*

## **14. Minnisblað frá sveitarstjóra frá 18. júní 2024 varðandi umsjón með fjallaskálanum Fosslæk.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi umsjón með fjallaskálanum Fosslæk. En þar er lagt til að Magnúsi Loftssyni verði falin umsjón með fjallaskálanum Fosslæk í sumar og sinni hann þeirri umsjón með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Magnúsi Loftssyni umsjón með fjallaskálanum Fosslæk og verði fyrirkomulag með sama hætti og verið hefur. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi þar um.*

## **15. Minnisblað vegna breytinga á samþykktum UTU bs.**

Lagt fram minnisblað vegna mögulegra breytinga á samþykktum UTU bs sem gert var af Guðjóni Bragasyni, lögmanni, og kynnt var munnlega á síðasta fundi sveitarstjórnar.

*Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með minnisblaðið og felur sveitarstjóra að senda það til annarra þáttökusveitarfélaga UTU.*

## **16. Bréf frá Sæsabar frá 17. júní 2024.**

Lagt fram bréf frá Sæsabar þar sem óskað er eftir að fá að setja upp bráðabirgða girðingu í Snejðinni svo fólk geti geymt hestana sína til skamms tíma.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Sæsabar verði heimilt að setja upp bráðabirgðagirðingu í Snejðinni. Sveitarstjóra er falið að ræða við bréfritara um nánari útfærslu á framkvæmdinni.*

HA

DGS

SB

Br

ARJ

**17. Næstu fundir sveitarstjórnar.**


Næsti fundur er á venjubundnum fundartíma eða 4. júlí 2024. Næsti fundur þar á eftir verður 15. ágúst 2024 vegna sumarfrís. Komi áríðandi mál upp sem þarfnaðast afgreiðslu samþykkir sveitarstjórn samhljóða að boðað verði til fundar á Teams.

**Mál til kynningar:**

**18. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 948. fundar stjórnar frá  
31.5.2024**

*Lagt fram til kynningar.*

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:58*



Bjarný Ógnisdóttir  
Dóttir Geir Samuelsson  
Alexandra Ros Jóhannesdóttir  
Hulda Þórssen  
Allrit fyrileind